

Fundargerð

17. fundur í íþrótt- og tómstundanefnd Langanesbyggðar haldinn í Verinu
miðvikudaginn 9. janúar kl. 17:00.

Mætt voru: Árni Davíð Haraldsson, Linda E. Pehrsson, Sóley Vífilsdóttir, Ragnar Már Sigfússon, og Heiðrún Óladóttir.

Dagskrá.

1. Mál. Afmælisdagur íþróttahússins 17. janúar.

Rætt um afmælisdaginn og í framhaldi af því ákveðið að halda ekki upp á afmælið í ár en halda upp á afmælið 2009 og á fimm ára fresti eftir það.

2. Mál. Starfsemi íþróttahússins að vori.

Nemendur frá Laugum á íþróttabraut ætla að koma á vegum HSP - UNP um miðjan janúar með prógramm fyrir íþróttaiðkun barna og unglinga. Guðmundur Jóhannsson er byrjaður að þjálfa fótbolta bæði hjá stúlkum og drengjum og verður út janúar.

Íþróttaskólinn verður alla laugardagsmorgna fram á vor kl. 11.00.

Linda ætlar að prófa að hafa samband við Soffíu í Garði um að þjálfa frjálssar íþróttir og tala einning við Eyþór varðandi dagskrá hússins.

Ragnar ætlar að tala við danskennara til að vera með danskennslu fyrir fullorðna helgina fyrir þorrablot. Árni og Heiðrún ætla að athuga áhuga skólanna á svæðinu með þátttöku fyrri grunnskólanemendur í danskennslu.

3. Mál. Innsent erindi frá Félags- og skólaþjónustu Þingeyinga varðandi framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum.

ITN lítur svo á að beðið sé um punkta / hugmyndir sem koma má að í framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum t.d. forvarnir, félagsmiðstöð, fyrirlestrar fyrir unglinga varðandi vímuefni, lögreglan sýnilegri, vímuvarnarráð virkt, sjálfstraust og sjálfsmynd barna, samvera barna / unglinga með foreldrum, mataræði og hollustuþættir.

4. Mál. Fjárhagsáætlun félagsmiðstöðvar fyrir árið 2008.

Bonný og Linda hafa gert drög að fjárhagsáætlun sem Linda ætlar að bera undir sveitarstjóra og ræða.

5. Mál. Íþrótt- og tómstundafulltrúi.

Þessi liður fellur niður.

6. Mál. Stefna vinnuskólans í langanesbyggð.

Rætt um drög að stefnu vinnuskólans. Ákveðið að auglýsa ekki síðar í starf umsjónarmanns vinnuskóla en 1. mars.

Drög rædd og ákveðið að taka þar út upplýsingar handa unglingum varðandi kröfur á hendur þeirra og laun áður en þau hefja störf.

7. Mál. Greinargerð ITV send til sveitarstjóra.

Linda sagði að hún hafi betrubætt greinargerðina og ÍTV ákvað að senda sveitarstjóra eintak ÍTV vill einnig að forstöðumaður íþróttahúss haldi betur saman sundurliðuðum tekjubáttum og mætingu á sérstaka viðburði s.s. námskeiðahald.

8. Mál. Önnur mál.

Þrif á húsinu, morgunsund, lyklamál.

Eftirfylgd mála:

1. Mottur / hálkuvörn í búningsklefum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18.15.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.